

**Agrip**

af reikningi styrktarsjóðs skipstjóra og stýrimanna við Faxaflóa 1894.

Tekjur:	Kr. au.
1. Innstæða í landsbankanum 31. des 1893 . . . . .	134 01
2. Árstíllög 29 fjelagsmanna . . . . .	58 00
3. Inntökugjald 4 manna . . . . .	12 00
4. Spilavinningar frá fjelagsmönnum . . . . .	1 12
5. Gjafir 9 manna . . . . .	75 00
6. Tekjur af «Tombólu» . . . . .	494 12
7. Ógoldið fje fyrir tombólumuni, selda við uppboð 30. des. 1894	129 65
8. Vextir af innstæðu til 31. desbr. 1894 . . . . .	5 10
	Kr. 909 00

Gjöld:	
1. Í landsbankanum 31. desbr. 1894 . . . . .	210 23
2. Hjá gjaldkera s. d. . . . .	569 12
3. Til jafnaðar móti tekjulið 7 . . . . .	129 65
	Kr. 909 00

Útdregið úr reikningi Marteins Teitssonar, dags. 19. jan. 1895.

**Auglýsing**

*um styrkveitingar til sveitakennara.*

Það auglýsist hjer með almenníngi, að auglýsing landshöfðingja um skil-yrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til sveitakennara, dags. 16. nóv. 1889 (Stj.tíð. 1889 B, bls. 141), er hjer með breytt þannig, að umsóknarbrjefin þurfa eptirleiðis ekki að vera send stíptsyfirvöldunum fyrr en svo, að þau sjeu komin til þeirra í síðasta lagi fyrir miðjan ágústmánud ár hvert. Skýrslan um kennsl-una á að vera rituð á eyðublöð þau, sem út hafa verið gefin í því skyni.

Reykjavík 29. okt. 1895. Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Hannes Hafstein.*

**Styrkveitingar úr landssjóði**

samkvæmt fjárlögum fyrir árin 1894 og 1895, 13. gr. B. VI. b. 1.

Til barnaskóla í sjóþorpum og væzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum var með brjefi landshöfðingja, dags. 24. okt., veittur þessi styrkur fyrir 1895: